

Lokaskýrsla

Vegna skólaársins 2017 - 2018

Innleiðing Cittaslow í Djúpavogsskóla

(sameinaður grunn-leik, og tónskóli á Djúpavogi)



Myndin var tekin í heimsókn ítalskra nemenda og kennara til Djúpavogs í lok maí 2018

Júní 2018
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, verkefnisstjóri

Nafn skóla: Djúpavogsskóli, sem er sameinaður grunn-, leik- og tónskóli á Djúpavogi

Nafn verkefnisins: Innleiðing á hugmyndafræði Cittaslow í Djúpavogsskóla

Nafn verkefnisstjóra: Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

Númer samnings og ár: Númer 39. 2017- 2018

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- a) Markmiðið var áfram að ala upp nýja kynslóð í Djúpavogshreppi sem tekur mið af hugmyndafræði Cittaslow. Hugmyndafræðin snýst um að auka lífsgæði og ánægju fólks nú og í framtíðinni með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaáráttu viðnám og heiðra sérstöðu, vitund og sjálfbærni.
- b) Að breiða út boðskapinn í fleiri skóla þannig að fleiri sveitarfélög og skólafólk sjái tækifæri í því að innleiða hugmyndafræðina okkur öllum og ekki síst jörðinni okkar til hagsbóta
- c) Kynna verkefnið sem víðast
- d) Vinna að gerð heimildamyndar um innleiðinguna

2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Mikil ánægja var í skólanum þegar í jós kom að við fengjum áframhaldandi styrk úr Sprotasjóði, þar með gátum við haldið áfram að vinna að innleiðingunni.

Á fyrstu starfsmannafundum haustsins fórum við yfir hæfniviðmið aðalnámskrár út frá viðmiðum Cittaslow og hver kennari mátaði sína vinnu við hæfniviðmiðin. Í allan vetur var reglulega staldrað við og farið yfir þessa þætti. Ljóst er að það mun taka tíma að koma þessu að fullu inn í skólanámskrána en eins og staðan er núna þá erum við á góðri leið.

Stýrihópurinn hélt áfram að hittast og voru formlegir fundir fjórir í vetur, auk óformlegri samskipta þar sem mál voru rædd og ákveðin.

Starfsmenn í grunn- og leikskóla héldu áfram að styrkja innviði skólanna með því að hafa markmið Cittaslow að leiðarljósi í fjölmörgum verkefnum skólanna. Í leikskólanum má t.d. nefna Grænfánastarfið, grenndarkennsla – unnið með nærumhverfið og heimili nemenda. Auk þess var fjallað um matinn – hvað hann þarf að fara langt til að komast á diskinn okkar, matarsóun, flokkun og garðrækt.

Í grunnskólanum var sem áður fjölbreytt útikennsla á haustin og vorin, mikil samvinna var þvert á bekk í ýmsum verkefnum. Árshátíð skólans var sett upp venju samkvæmt og þar reynir á samvinnu, hugmyndaauðgi, þolinmæði, endurvinnslu, samstarf við íbúa, fyrirtæki fo félagsamtök og ýmsa fleiri þætti. List- og verkgreinakennsla, ásamt öflugri kennslu í upplýsingatækni tikkar í Cittaslow boxin og þannig mætti áfram lengi telja.

Í september 2017 komu sex starfsmenn frá skólunum í Orvieto ásamt fjórum starfsmönnum alheimssamtaka Cittaslow í heimsókn og fórum við yfir þann þátt verkefnisins. Mánudaginn 25. september var haldinn formlegur fundur á vegum alheimssamtaka Cittaslow þar sem yfirskriftin var „Cittaslow Education.“ Þar var verið að vinna fyrstu drög að „manifesto“ sem áfram verður unnið að, að þróa. Á fundinum voru einnig starfsmenn Djúpavogsskóla og skólanna í Orvieto. Fundurinn vakti töluverða athygli og mætti fréttamaður frá Austurfrétt á svæðið og tók viðtal við undirritaða ásamt Pier Giorgio Oliveti, yfirmanni alheimssamtakanna.

Vinnan við gerð heimildarmyndarinnar hélt áfram og hefur sveitarfélagið Djúpavogshreppur nú ákveðið að nýr atvinnu- og menningarfulltrúi sveitarfélagsins komi að málinu til að tryggja

að hún verði kláruð á skólaárinu 2018-2019. Áætluð frumsýning er vorið 2019, í allra síðasta lagi.

3. **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Segja má að frávikin hafi ekki verið mikil frá áætlun verkefnisins en ljóst er að breytingar sem þessar taka langan tíma og þurfum við því að vera þolinmóð áfram. Ekki tókst að fá gestafyrirlesara þannig að sá hluti styrksins fór í vinnu starfsmanna við að máta hæfniviðmið aðalnámskrár við markmið Cittaslow.

4. **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Ekki var um neinar stórar hindranir að ræða. Ljóst er þó að innleiðingin tekur lengri tíma en upphaflega var áætlað, enda er það í anda Cittaslow.

5. **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu**

Ávinningar af verkefni eins og þessu eru ekki alltaf ápreifanlegir en með tíð og tíma finnum við breytingar til góða. Jafnhliða því að innleiða hugmyndafræði Cittaslow höfum við tekið risastór skref í að innleiða ný hæfniviðmið aðalnámskrár. Tækifærið sem gafst til að gera þetta saman var alveg frábært og hafa starfsmenn nýtt sér það til fullnustu. Annað mikilvægt eru samskiptin skólana á Ítalíu. Vináttusambandið sem myndaðist fyrst á milli starfsfólks og á síðari stigum með nemendaheimsóknum, á milli nemenda er ómetanlegt og mun endast lengur.

Jákvæðar undirtektir og áhugi annarra skólastjórnenda og kennara eykst með hverju árinu. Fleiri sveitarfélög eru að sýna áhuga á því að innleiða hugmyndafræðina í sín sveitarfélög og þá er mikilvægt að skólafólkið sé tilbúið að gera slíkt hið sama. Þar mun okkar forskot og sérfræðikunnátta koma að góðum notum.

6. **Niðurstöður verkefnisins**

Helstu niðurstöður eftir þetta tveggja ára innleiðingarferli eru þær að við erum búin að átta okkur á því að við erum rétt að byrja. Eins og ég hef sagt áður í viðtölum þá eru flokkar Cittaslow 7 talsins og markmiðin sem þeir setja upp – sem leiðir að bættum lífsgæðum eru 72. Ég sá fyrir mér í byrjun að við myndum taka þessa 72 þætti, tikka í box og síðan í lok þessa skólaárs þá gætum við sagt að verkefninu væri lokið. Það er alls ekki þannig. Við munum ekki tikka í nein box. Heldur vinna áfram að innleiðingu markmiðanna með því að velja verkefni, laga dagskipulag, finna leiðir til að hægja á og auka lífsgæði okkar hér í skólanum. Það mun taka tíma en það eru marktækar breytingar á því hvernig við starfsfólkið skipuleggjum okkur, setjum niður verkefni og skoðum alla þætti skólastarfsins út frá viðmiðum Cittaslow.

Við áttuðum okkur á því að það að breyta hugsunarhætti og atferli fólks tekur lengri tíma en tvö ár, það sem við sjáum fyrir okkur núna er að nemendur sem nú eru í leikskólanum og á yngra stigi grunnskólans, verða nemendurnir sem fá Cittaslow í andardráttinn sinn. Þó unglíngarnir hafi verið með og tekið fullan þátt í innleiðingunni þá ólust þeir upp við önnur gildi og þess vegna ekki eins móttækilegir og þeir sem yngri eru. Það er einmitt þessi vinkill sem framkvæmdastjóri alheimssamtaka Cittaslow sá, þ.e. að til þess að breyta í stóra samhenginu þyrftum við að byrja á börnunum.

Það er líka frábært tækifæri fyrir okkur að geta samþætt innleiðingu Cittaslow við innleiðingu á hæfniviðmiðum aðalnámskrár því í henni kveður við nýjan tón ef miðað er við eldri

námskrár. Þar eru öll hugtökin sem Cittaslow stendur fyrir þannig að við munum setja enn meira þúður í að samræma þessa tvo þætti inn í skólastarfið okkar.

Það sem gerðist líka við innleiðinguna var að við áttuðum okkur á mikilvægi þess að fagna sérstöðu þorpsins okkar, íbúanna og okkar allra. Við ætlum að hætta að eltast við að vera eins og allir aðra og fagna því að vera við sjálf. Þessi skilaboð munum við fara með áfram til nemenda til að styrkja þeirra sjálfsmynd, þannig að þau læri sjálf að fagna því hver þau eru og fyrir hvað þau standa.

Þegar spurt er hvort markmiðin hafi náðst þá er svarið já og nei. Já, af því að við vitum núna hvað við þurfum að gera og hvert við stefnum. Við erum búin að átta okkur á því að það að breyta hugsunarhætti og að hægja á fólki tekur langan tíma en ekki bara tvö ár eins og við héldum í upphafi – og þess vegna segi ég líka nei. Við gerðum okkur ekki grein fyrir að við værum í langhlaupi. En eftir á að hyggja er miklu betra að gera hlutina hægt, vanda til verks og taka vel ígrundaðar ákvarðanir þegar kemur að því að breyta hlutum sem hafa verið gerðir eins allt of lengi.

Verkefnið mun klárlega halda áfram innan Djúpavogsskóla. Við sjáum eintóma kosti við að innleiða hæglætið inn í okkar skóla og þorpið okkar. Eins og fram kemur hér síðar í skýrslunni þá er skólinn í góðu samstarfi við Djúpavogshrepp sem hefur kynnt verkefnið fyrir öðrum sveitarfélögum og þegar þau ákveða að taka stökkið og innleiða Cittaslow í sín sveitarfélög þá fylgja skólarnir þar sjálfkrafa með. Þá erum við tilbúin til að gefa góð ráð og aðstoða við innleiðingu hugmyndafræðinnar þar.

7. Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Skólastjóri, ásamt leikskólastjóra og aðstoðarskólastjóra grunnskólans héldu áfram að kynna verkefnið á öllum vígstöðvum, í öðrum skólum, t.d. á haustþingi í september 2017. Auk þess fór skólastjóri grunnskólans í a.m.k. þrjú blaðaviðtöl á árinu. Tvö í Fréttablaðinu og eitt við blaðamann frá Icelandair Stopover Magazine. Fyrra viðtalið í Fréttablaðinu var tengt úthlutun úr Erasmus+ og birtist 8. nóvember í „kálfi“ með Fréttablaðinu vegna verðalaunaafhendingar á verkefnum Erasmus+ (sjá fskj. 1). Síðan hafði starfsmaður Fréttablaðsins samband 7. apríl 2018 og má sjá það viðtal hér.

<https://www.frettabladid.is/timamot/baeta-enn-lifsgaei-og-anaegju-ibua-a-djupavogi>

Auk þess komu fréttamenn frá N4 í heimsókn haustið 2017 og gerðu sérstakan þátt um innleiðinguna og var sá þáttur sýndur í sjónvarpi 9. nóvember 2017. Slóðina á þáttinn má finna hér: <https://www.youtube.com/watch?v=eNxR5Oxoiz8>

Þá kom starfsmaður Austurfrettar í heimsókn í september 2017 til að taka viðtal við skólastjóra þegar haldinn var fundur þar sem drög að formlegri „Cittaslow Education“ stefnu voru samin. Slóðina á þá frétt má finna hér:

<https://www.austurfrett.is/frettir/menntastefna-cittaslow-samin-a-djupavogi>

Þessu til viðbótar hafa fyrrverandi ferða- og menningarmálafulltrúar Djúpavogshrepps og núverandi atvinnu- og menningarmálafulltrúi haldið starfsemi skólans á lofti þar sem þeir hafa farið og kynnt Cittaslow hugmyndafræðina fyrir öðrum sveitarfélögum, bæði innanlands og erlendis.

Starfsmenn Cittaslow skrifstofunnar í Orvieto bjuggu til vefsíðu þar sem hægt er að setja inn fréttir af starfinu. Sú síða er nýlega komin í loftið og er á dagskrá hjá okkur að vera duglegri á næsta skólaári að setja inn myndir o.fl. af starfinu. Slóðin er hér:

<http://www.cittaslow.org/project/implementing-ideology-cittaslow-schools>

8. **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Eins og síðasta skólaár hefur innleiðingin í skólana verið unnin samhliða samstarfinu við ítölsku skólana í Orvieto í gegnum Erasmus+ verkefnið og því óhjákvæmilegt að verkefnið skarist en það sem stendur uppúr er að styrkirnir tveir og það hvernig þeir voru hugsaðir á ólíkan hátt hafa styrkt hvorn um sig.

Djúpavogsskóli, skólarnir í Orvieto, skólar í Ulvik í Noregi, ásamt alheimssamtökum Cittaslow hafa sótt um nýjan tveggja ára styrk til Erasmus+ og er von á svari frá þeim á næstu dögum. Fáist hann er það enn ein rósín í hnappagatið og viðurkenning á því hversu mikilvæg þessi vinna er.

Djúpavogshreppur fékk nú nýverið styrk til að koma á laggirnar Cittaslow miðstöð Íslands og stendur sú vinna nú yfir. Það mun klárlega styrkja skólann og sveitarfélagið í áframhaldandi vinnu. Gott samstarf er við sveitarfélagið og starfsmenn þess og á fundi sem ég sat í morgun ásamt sveitarstjóra, oddvita, varaoddvita og formanni atvinnu- og menningarmálanefndar þá sammæltumst við um það að við munum vinna að þessu máli saman og breiða út fagnaðarerindið eins og við best getum.

9. **Næstu skref**

Næstu skref í verkefninu verða að halda áfram á sömu braut. Í haust mun aðstoðarskólalastjóri grunnskólans fá tíma í sinni stundatöflu til að hlúa enn betur að verkefninu inná við þannig að hann mun hafa yfirsýn með starfi kennara til að tryggja að hugmyndafræðinni verði fundinn farvegur í öllum kennslustundum.

Ef við fáum Erasmus+ styrkinn þá verður það áfram mikil lyftistöng og mun auðvelda okkur framhaldið. Vonandi fara fleiri sveitarfélög af stað í innleiðingu á hugmyndafræðinni í sínum sveitarfélögum og þá verðum við tilbúin að aðstoða og gefa góð ráð enda komin með um þriggja ára reynslu.

Áfram verður unnið að gerð heimildamyndarinnar og hafa verið lagðar línur að því hvernig tryggt verða að hún klárast innan árs og vonir eru bundnar við að hún nýtist okkur sem kynningarefni, þ.e. bæði skólanum og sveitarfélaginu.

10. **Lokaorð**

Eftir því sem við tökum fleiri skref í innleiðingunni þá höfum við áttað okkur á því hversu sérstakt og einstakt verkefnið er. Hraðaáráttan í þjóðfélögum hins vestræna heims er orðin þvítík að við náum ekki lengur áttum. Börnin okkar greinast sífellt fleiri með kvíða, þunglyndi, sjálfsvíg eru allt of algeng og svona mætti áfram telja.

Það að spyrna við fótum, hægja á og njóta lífsins á líðandi stundu er að okkar mati spurning um lýðheilsu, þjóðin þarf á þessu að halda.

Það er því okkar von að litla Sprotaverkefnið okkar, sem nú hefur náð að spíra og laufgast haldi áfram að stækka og dafna og að af því spretti afleggjarar sem við vonandi getum aðstoðað við að gróðursetja sem allra víðast.

Djúpivogur 28. júní 2018

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, verkefnisstjóri
og skólalastjóri Djúpavogsskóla